

um húsum. Verður Rafmagnsveita Reykjavíkur því ekki talin bótaskyld, þótt rafmagnsstjóri hafi lagt til við bæjarráð Reykjavíkur, að stefnandi yrði sviptur löggildingu sinni sem rafvirki, er hann greiddi ekki á ný tryggingarfé samkvæmt 16. gr. löggildingarskilyrðanna.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, rafmagnsstjórinn í Reykjavík f. h. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Birgiss H. Valdimarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. október 1963.

Nr. 73/1963. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón Skaftason hrl.)

gegn

**Aðalheiði Friðriksdóttur**

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

**og gagnsök.**

Dómendur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann skiptingar sakar og lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda, enda verði þá málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. ágúst 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 208.087.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Aðalheiði Friðriksdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., hefur Aðalheiður Friðriksdóttir, frú, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi með utanréttarstefnu, birtri 3. október 1961, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 208.087.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara* verulegrar lækkunar á dómkröfunum og að málskostnaður falli niður.

Málsatvik eru þau, að stefnandi starfaði í þvottahúsi hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hinn 22. desember 1959 vann hún við að pressa tau í þar til gerðum vélum. Með henni við það starf vann Ragnheiður nokkur Ólafsdóttir. Atvikaðist það þá svo, að Ragnheiður studdi á takka þá, sem stjórna pressunni, en á sama tíma var stefnandi með báða handleggji í pressunni.

Hlaut hún af þessu mikil brunasár á höndum og framhandleggjum.

Engin sérstök rannsókn var látin fram fara vegna slyss þessa, en hinn 21. marz 1960 gaf stefnandi skýrslu fyrir lögregluþfyrirvöldum á Keflavíkflugvelli. Þar skýrði hún svo frá málsatvikum, að hún hafi verið að vinna við pressu þá, sem slysið varð við. Pressu þessari væri þannig stjórnað, að styðja þyrfti á tvo takka, sinn með hvorri hendi. Hafi hún ein verið að vinna við pressuna, en nálægt sér hafi unnið framangreind Ragnheiður. Kvaðst stefnandi hafa áður verið búin að vara Ragnheiði við því að koma við þá pressu, sem stefnandi var við, þar sem Ragnheiður hafi verið nýbyrjuð að vinna þarna og því lítið þekkt á pressurnar. Þó hafi það þannig atvikast, að Ragnheiður hafi stutt á takka þeirrar pressu, er stefnandi vann við, í þeim tilgangi að flýta fyrir. Þetta hafi leitt til þess, að stefnandi lenti með handleggina inn í pressuna, sem var glóandi heit.

Lögregluþfyrirvöldin hlutuðust til um að afla frekari upplýsinga um slysið og þá sérstaklega að fá skýrslu Ragnheiðar Ólafsdóttur. Kom í ljós, að hún hafði farið til Bandaríkjanna í febrúarmánuði 1960 til langdvalar. Hefur ekki náðzt til hennar í þessum tilgangi, þrátt fyrir aðgerðir aðilja málsins í þá átt.

Hinn 25. marz 1960 fór starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins á vettvang. Tók hann skýrslu af Katli Eyjólfssyni, verkstjóra í þvottahúsinu, sem lýsti málsatvikum þannig, að Ragnheiður hafi unnið við pressu þá, sem slysið varð við, en stefnandi hafi unnið við aðra pressu. Ketill kvaðst ekki vita af hvaða ástæðu stefnandi var við pressu þá, sem slysið varð við, en kvað oft verða að fara með stykki á milli pressanna, þar sem pressurnar séu af ólíkri gerð og fyrir komi þau atvik, að ekki sé hægt að pressa stykkinn í hvaða pressu sem er.

Hér fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá, að Ragnheiður hafi verið að vinna við pressu þá, sem slysið skeði við, en hún (stefnandi) hafi komið með stykki til að þurrka það í þeirri pressu. Hún kvað það ekki hafa verið borið undir verkstjóra, þótt starfsstúlkur hafi þurft að færa sig á milli pressanna, og hann ekki bannað slíkt.

Ketill Eyjólfsson kvað fyrir dómi, að það hafi verið daglegur vani, að stúlkur færi á milli pressanna, og að það hafi engar athugasemdir verið við það gerðar.

Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi. Er hér um að ræða pressu-samstæðu, tvær til hvorrar hliðar og ein við enda þeirra,

þannig að samstæðan er U-laga. Varð slysið við aðra hliðarpressuna.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að orsök slyssins verði einvörðungu rakin til gáleysis af hálfu Ragnheiðar Ólafsdóttur, með því að styðja á takka þá, sem pressunni stjórna, er stefnandi var með báða handleggi inni í pressunni, en stefndi beri, sbr. lög nr. 110 frá 1951, fébótaábyrgð á tjóni því, er hún varð fyrir vegna slyssins.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi eigi sjálf alla sök á slysinu. Hún hafi ekki verið að starfa við pressu þá, sem slysið skeði við, heldur margnefnd Ragnheiður. Stefnandi hafi farið að skipta sér af verki hennar, án þess að henni hafi komið það nokkuð við. Bendir stefndi á það, hve óstöðugar skýrslur stefnanda hafa verið um aðdraganda slyssins, en það rýri mjög sönnunargildi þeirra. Varakrafan er byggð á því, að fjárhæðir í dómkröfum stefnanda séu allt of háar.

Eins og rakið er hér að framan, hefur eigi tekizt að fá vætti þess eina sjónarvotts, sem að umræddu slysi var. Látið var undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn út af því í tæka tíð, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Brestur því mjög á skýrleik um nákvæman aðdraganda að slysinu, en af því verður stefndi að bera hallann. Stefnandi hefur haldið því fram, að hún hafi verið að vinna að sínu verkefni í margnefndri pressu, er slysið skeði. Er og upplýst, að alvanalegt hafi verið, að starfsstúlkur hafi notað fleiri en eina pressu jöfnum höndum. Ljóst er, að Ragnheiður Ólafsdóttir studdi á takka þá, sem stjórna pressunni, meðan stefnandi var með handleggi sína inni í henni, og verður orsök slyssins rakin til þeirrar vangæzlu hennar. Að þessu athuguðu og þar sem eigi verður talið, að stefnandi hafi sýnt af sér þá vangæzlu í framkvæmd starfs síns, að efni séu til að skipta sök í málinu, ber að leggja á stefnda, sbr. 12. gr. laga nr. 110/1951, óskoraða fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Örorkubætur .....	kr. 131.687.00
2. Ferðakostnaður, læknskostnaður, lyf o. fl. ..	— 2.000.00
3. Útreikningur örorkutjóns og örorkumats ....	— 1.400.00
4. Bætur fyrir lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum .....	— 73.000.00

---

Samtals kr. 208.087.00

## Um 1.

Stefnandi var flutt í sjúkrahúsið í Keflavík strax eftir slysið, þar sem hún dvaldist til 27. febrúar 1960, og síðan aftur frá 15. marz til 22. s. m. 1960. Í vottorði Páls Sigurðssonar, læknis, dags. 18. apríl 1961, er lækni-aðgerðum á meiðslum stefnanda lýst svo, að um hafi verið að ræða 3. gráðu bruna handarbaksmeigin á báðum framhandleggjum og höndum. Á sjúkrahúsinu hafi verið gerður húðflutningur og síðan plastisk aðgerð á húð um vinstri olnboga vegna herpings. Nokkur ígerð muni hafa komizt í sárin og þau gróid seint.

Stefnandi var skoðuð af Páli lækni Sigurðssyni, sem jafnframt mat örorku hennar hinn 11. apríl 1961. Í framangreindu vottorði sínu hefur læknirinn það eftir stefnanda, að hún hafi verið óvinnufær að mestu þar til í ágúst 1960. Hún sé hús-móðir, 53 ára gömul, hafi unnið að jafnaði áður utan heimilis, en eftir slysið hafi hún ekki getað stundað neina slíka vinnu. Ennfremur hefur læknirinn eftir henni lýsingu á þáverandi óþægindum hennar þannig: „Verkir og stirðleiki í brunaörunum. Kláði sækir á þau við hitabreytingar og töluverð vanlíðan. Kvartar einnig um stirðleika í liðum, einkum í liðum vinstri handleggs, öxl, olnboga, úlnlið og fingurliðum. Hún telur, að nokkuð vilji bera á því, að hún þoli illa bleytu og þá hrúðri örin, enda þótt ekki detti sár á.“ Læknirinn lýsir síðan meiðslum stefnanda, og er sú lýsing þannig: „Handlimir. Hægri handlimur: Ör á handarbaki og handarbaksmeigin á framhandlegg, örið nær frá miðhnúa löngutangar og er ca. 18 cm langt. Örið er ca. 4—5 cm breitt á handarbaki og handlegg. Allt örið er nokkuð þykkt og um úlnliðinn vottar fyrir öræxli. Höndin kreppist eðlilega. Hreyfingar í olnboga og öxl eðlilegar.

Vinstri handlimur: Nokkur stirðleiki í vinstri öxl, það vantar 15—20° á fulla lyftingu, og snúningshreyfing er dálítið minnk- uð, en ekki svo að hái við nokkur störf. Það vantar 10° upp á fulla réttingu í olnbogalið, en beygja er eðlileg.

Ör er á handarbaki og upp eftir framhandlegg á neðsta þriðj- ung handarbaksmeigin, en á efri  $\frac{2}{3}$  lófamegin upp í olnbogabót. Örið er tvískipt, neðra örið er 10 cm langt og 4 cm breitt, en 3 cm þar fyrir ofan kemur annað ör, ca 18 cm langt, og nær það upp fyrir olnbogabót, lófamegin. Þetta ör er mjög breitt, 8—9 cm, þar sem það er breiðast. Nokkrir áberandi örhryggir í efra örinu, einkum í olnbogabótinni, og hefur þar sýnilega verið gerð plastisk aðgerð. Í fremra örinu er mikið þykkildi

um úlnliðinn og nálgast það að vera öræxli eins og hægra megin. Efra örið allt er miklu mýkra, en þó eru húðkantarnir allþykkir. Vinstri höndin er nokkuð stíð, það vantar  $1\frac{1}{2}$  cm til að langatöng, baugfingur og litlifingur nái lófa, þegar slasaða reynir að kreppla hnefann, en vísifingur nær lófa uppi á tenar en rúllast inn í lófann. Snerti- og sársaukaskyn er eðlilegt á hönd og fingrum.

Húð til húðflutnings hefur verið tekin af báðum lærum fram-  
an og utanvert, en þau ör eru grunn og ekki til óþæginda.“

Metur lækurinn örorku stefnanda vegna slyssins þannig:

Í 4 mánuði	100%
- 2 —	75%
- 6 —	50%
- 6 —	25%

og síðan varanlega örorku 15%.

Hinn 27. maí (sic) var atvinnutjón stefnanda vegna örorkunnar reiknað út af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi. Samkvæmt skattframtölum hafa vinnutekjur stefnanda starfsárin 1957 til 1959 verið þessar: Árið 1957 kr. 32.411.02, árið 1958 kr. 35.356.55 og árið 1959 kr. 17.900.55. Tryggingafræðingurinn getur þess, að hann hafi umreiknað tekjur þessar til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þess, er útreikningurinn var gerður, og reiknast honum umreiknaðar meðaltekjur, miðað við breytingar á taxta verkakvenna, nema kr 30.255.00 umrædd þrjú starfsár. Um útreikning varðandi það atriði að meta til fjár heimilisstörf húsmóður, virðist tryggingafræðingnum eðlilegt að miða við kaup ráðskvenna á heimilum. Kveðst hann hafa fengið þær upplýsingar hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, að algengt sé, að slíkum ráðskonum sé boðið kr. 1.500.00 til kr. 2.000.00 á mánuði í kaup auk fæðis og húsnæðis, en tryggingafræðingurinn tekur fram, að ráðningarstofan annist yfirleitt ekki samningagerð og hefur því ekki áreiðanlega vitneskju um ráðningarkjör. Getur hann þess, að kaupið fari eftir ýmsum aðstæðum, m. a. stærð fjölskyldunnar. Í heimili stefnanda eru 5 manns, auk hjónanna, þrír uppkomnir synir. Samkvæmt skattmati er fæði reiknað kr. 21.00 á dag, en húsnæði kr. 1.500.00 á ári. Telur tryggingafræðingurinn hér augljóslega um lágt mat að ræða, sem haldizt hefur óbreytt í nokkur ár. Miðað við þessar tölur verða árstekjur ráðskonu kr. 27.165.00 til kr. 33.165.00, en tryggingafræðingurinn telur að gera megi ráð fyrir, að raunverulega séu þær milli 30 og 40 þúsund krónur. Út frá framan-

greindum atriðum reiknar tryggingafræðingurinn verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda á slysdegi í tvennu lagi, annars vegar vegna heimilisstarfa, miðað við 35.0000.00 kr. ráðskonutekjur á ári (a), og hins vegar vegna vinnu utan heimilis (b). Er útreikningurinn þannig:

a) vegna tímabundinnar örorku .....	kr. 27.826.00
— varanlegrar örorku .....	— 42.805.00
	<hr/>
	Samtals kr. 70.631.00
b) vegna tímabundinnar örorku .....	— 24.054.00
— varanlegrar örorku .....	— 37.002.00
	<hr/>
	Samtals kr. 61.056.00

Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1941—1950. Tryggingafræðingurinn getur þess í sambandi við slíka skiptingu, að það hljóti að vera matsatriði, að hve miklu leyti vinna utan heimilis valdi lækkun á hinum reiknuðu tekjum fyrir heimilisstörf. Lækkar útreikningur þess liðs hlutfallslega, ef ráðskonutekjur eru lækkðar.

Byggir stefnandi þennan kröfulið sinn á útreikningi tryggingafræðingsins, en ekkert tillit hefur verið tekið til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Fram er komið í málinu, að stefnandi hefur þegar fengið greidda dagpeninga og örorkubætur frá þeirri stofnun, samtals að fjárhæð kr. 32.249.20.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan er rakið og öðru því, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 65.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi samkvæmt framansögðu hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. og 3.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæðum þessarra kröfuliða, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Um 4.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem allt of hárrí.

Þegar það er virt, sem hér að framan er lýst um meiðsl stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 45.000.00.

Samkvæmt framansögðu nemur því tjón stefnanda vegna slyssins samtals kr. 113.400.00 (65.000.00 + 2.000.00 + 1.400.00 + 45.000.00), og verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð

með vöxtum, eins og krafizt er, með þeirri breytingu, að hæð þeirra lækkar úr 7% í 6%, úr 10% í 9% og úr 8% í 7%.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda itl að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Aðalheiði Friðriksdóttur, kr. 113.400.00 með 6% ársvöxtum frá 22. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 12.500.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. október 1963.

Nr. 169/1960. Þóra Sigfúsdóttir f. h. dánarbús Jóns Haraldssonar (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Glúmi Hólmgeirssyni

(Ragnar Steinbergsson hdl.).

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson, prófessor Ármann Snævarr og Þórður Björnsson sakadómari.

Landamerkjamála. Ágreiningur um beitarréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1960 og gert þessar dómkröfur: Að merki Einarstaða og Vallakots séu ákveðin þannig: Bein lina frá girðingu þeirri, sem skiptir engjum Vallakots og Einarstaða austan við móinn í 16 metra fjarlægð frá landamerkjum Glaumbæjar, miðað við